



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð

29. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Félagsheimilinu að Borg þann 6. maí 2025 klukkan 17:00.

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Bryndís Eðvarðsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Þorkell Þorkelsson, fulltrúi sveitarstjórnar

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Anna Katarzyna Wozniczka

- 1) Stutt kynning á nefndinni, farið yfir stöðu mála og Teams svæði nefndarinnar skoðað með nýjum aðalmönnum.
- 2) **17. júní.**
 - a) Dagskrá hefst kl. 13.00 og lýkur 16.30
Drög að dagskrá:
Skrúðganga frá bensínstöð að torginu við stjórnarsýsluhúsið á Borg
Hátíðarræða
Verðlaunaafhending
Ávarp fjallkonu
Kökuhlaðborð í boði Kvenfélags Grímsneshrepps í Félagsheimilinu Borg
Leikir og hoppukastali
Andlitsmálun
Skemmtiatriði?
(Þau börn sem eiga fána frá fyrri árum endilega munið eftir þeim)
 - b) Verið að bíða eftir staðfestingu á skemmtiatriðum annars staðar í uppsveitum og reyna að samnýta skemmtikrafta ef hægt er. Ekki komið svar frá Pilkington Props skemmtikrafti. Ekki var hægt að bóka Elsu úr Frost. Skoðaðir aðrir möguleikar – Anna athugar með „Bestu lögin barnanna“.
 - c) Á eftir að útvega svið (Jakob athugar).
 - d) Búið að bóka konu í andlitsmálningu í 2 tíma – ca. 20 andlit á klukkutíma, 20.000 kr. á tímann og viðbótar klukkutími fyrir að keyra fram og til baka á Borg.
 - e) Ræðuhöld – búið að staðfesta.
 - f) Hoppukastali – búið að panta. Það þarf að sækja hann og skila – athuga með starfsmann GOGG.
 - g) Búið að fá staðfestingu á að unglingar verði í vinnu á 17. júní – þeir koma til vinnu 10. júní og þá verður hægt að kanna hverjir séu tilbúnir til að vinna á 17. júní sjálfum. Anna hefur samband við Steinar þegar nær dregur varðandi fjölda og verkefni.



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

h) Búa þarf auglýsingu til að setja í Hvatarblaðið – verður klárað á fundinum nefndarinnar þann 26. maí.

3) Borg í Sveit/Grímsævintýri

23. ágúst staðfest dagsetning. Beiðni eftir fundi með fulltrúum GOGG varðandi aðkomu GOGG og hvort að viðburðurinn fái starfsmann í verkefnið.

4) Beiðni frá Rótarýklúbbs Rangæinga.

Rótarýklúbbur Rangæinga biður um styrk til að gera fyrstu rútu Austurleiðar hf. sem stofnað var 1963, að fínum safngrip á Samgöngusafn Skógasafns. Farið yfir beiðni. Formaður mun óska eftir kostnaðaráætlun sem vísað er í í bréfinu til að hægt er að taka afstöðu til beiðninnar.

5) Önnur verkefni atvinnu og menningarmálanefndar á árinu

Ekki tími í önnur verkefni fyrr en í september til desember. Auglýsa eftir aðilum í sveitarfélaginu sem eru að gera menningartengda hluti og gera það í samstarfi við fleiri, t.d. bókasafnið. Auglýst verður í ágúst/september Hvatarblaði.

6) Fundartímar nefndarinnar fram að 17. júní.

Næsti fundur 26. maí, kl. 17:00

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 18:20.